

**182. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi,  
7. desember 2020 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn er haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2006228 - Jaðarsbakkar 1 - hönnun**

Starfshópur "hönnun áfanga 1 á Jaðarsbökkum" ásamt hönnuðum frá Ask arkitektum fer yfir fyrirbyggjandi forteikningar sem liggja fyrir varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum fyrsti áfangi.

*Sameiginlegur dagskrárliður skipulags- og umhverfisráðs og skóla- og frístundaráðs, bæjarfulltrúum var boðið að sitja þennan dagskrárlið sem áheyrnafulltrúar.*

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar góða kynningu og leggur til við bæjarráð, að á grunni fyrirbyggjandi forteikninga verði vinna við arkitektahönnun haldið áfram og verkfræðihönnunin boðin út.*

**2. 2009166 - Mastur vegna fjarskiptabjónustu**

Uppsetning á fjarskiptamöstrum til að auka þjónustu og öryggi íbúa og fyrirtækja, í ljósi þess að farsímasamband er ábótavant á vissum stöðum á Akranesi.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að fjarskiptamöstur til að bæta farsímasamband á Akranesi verði staðsett við Garðalund annarsveggar og Flóahverfi hinsveggar. Staðsetningar á háum fjarskiptamöstrum verði kynntar sem skipulagsbreytingar.*

**3. 2012038 - Skipulag Breið - Breiðarsvæði**

Breið þróunarfélag, skipulag á Breiðarsvæði.

*Fyrir liggur vilji Breið þróunarfélags að hefja skipulagsferli á Breiðarsvæði.*

*Skipulags- og umhverfisráð telur mikilvægt að samtali við Breið þróunarfélag eigi sér stað um hvernig best sé að standa að þeirri skipulagsvinnu.*

*Lagt er til að á næsta fundi ráðsins verði rætt við forsvarsmenn Breið þróunarfélags um tilhögun á vinnu skipulags á Breiðarsvæðinu.*

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.**